

Mál nr. 119/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar ökutækis****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints þjófnaðar á bifreið í júlí – ágúst 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa snýst um það hvort M hafi sýnt fram á að bifreið sinni hafi verið stolið erlendis sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að höfnum vátryggingafélagsins, dags. 09.03. 2011, sé algjörlega órökstudd og því sé erfitt fyrir hann að kæra afstöðu félagsins til nefndarinnar. Hann telur óljóst hvaða rök félagið leggur til grundvallar höfnun sinni. Í ljósi þessa telur hann einsýnt að félagið eigi að bera hallann í “ætluðum óskýrleika málsins”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins m.a. bréfi til nefndarinnar, dags. 16.04. sl. Félagið vísar í umfjöllun sinni að málsatvikum, vátryggingaratburðinum og fresti til málskots til úrskurðarnefndar skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, varúðarreglu skilmála og laga um vátryggingarsamninga. Skriflega afstaða félagsins var send með bréfi dags. 09.03. sl.

Álit

Málskotið var ekki of seint fram komið skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Málskotsgjaldið var greitt þann 08.03. sl. og gögn móttækin þann 12.03. sl. á skrifstofu nefndarinnar.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að bifreið M hafi verið stolið.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.